

8. gr.

Skrifstofan skal halda sérstakan sjóðreikning fyrir hverja rannsóknastofnun og einn að auki fyrir sinn eigin rekstur. Verði skrifstofunni falin önnur verkefni, skal halda sérstakan sjóðreikning fyrir þau.

Forstjórar stofnanna skulu fá mánaðarlega reikningsyfirlit, hver yfir stöðu sinnar stofnunar, í því formi, sem þeir ákveða sameiginlega. Upplýsingar um stöðu á sjóðsyfirliti eða aðrar upplýsingar úr bókhaldinu skulu þeir fá eftir því, sem þeir óska hverju sinni.

9. gr.

Starfsfólki Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna er skylt að gæta þagmælsku um atriði, er það fær vitneskju um í starfi sínu, og ber í því tilliti að skoða hverja stofnun sem sjálfstæðan aðila. Upplýsingar úr bókhaldinu skulu einungis gefnar samkvæmt heimild hlutaðeigandi forstjóra.

10. gr.

Skrifstofunni er heimilt að taka að sér þjónustu við rannsóknastofnanir, þótt hún ekki verið talin sameiginleg þeim öllum, enda séu allir forstjórar stofnananna, sem í hlut eiga, því samþykkir og hæfileg greiðsla fyrir þá þjónustu komi til af fjárveitingu hlutaðeigandi stofnunar.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 63. gr., sbr. 59. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. apríl 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Stykkishólmi.**

Fasteignaskatt í Stykkishólmi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. apríl 1966.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.